

Allir hlökkuðu til Sjómannadagsins.

Rætt við Sigurjón Kristjánsson skipstjóra.

Sigurjón Kristjánsson skipstjóri, eða Sigurjón á Bangsa eins og hann var kallaður á Akranesi, var um langt árabil einn kunnasti skipstjóri á Akranesi og hann átti í mörg ár sæti í Sjómannadagsráði. Nú býr hann ásamt eiginkonu sinni Sigríði Ólafsdóttur í hjónaíbúð í nýbyggingu tengdri Hrafnistu í Reykjavík. Þar tókum við hús á honum til að ræða við hann um eitt og annað varðandi sjómennskuferil hans á Akranesi og störf á vegum sjómannadagsráðs Akraness.

Ég var orðinn fullorðinn maður þegar ég fluttist til Akraness, það var árið 1936 en ég er fæddur á Bíldudal árið 1902 þann 25 ágúst. Ég fluttist ungur þaðan og bjó á Hellissandi í 34 ár. Ég sagði áðan að það hefði verið tilviljun að ég fluttist til Akraness og vissulega er það rétt, ein af þessum óskiljanlegu tilviljunum, sem hendir mann í lífinu. Árið 1935 átti ég ágætan bát og íbúðarhús vestur á Hellissandi og hafði alls ekki hugsað mér að flytjast þaðan. Þá var það að Friðrik Guðjónsson, sem þá var útgerðarmaður á Sandi spurði mig hvort ég vildi ekki taka að mér bát á Akranesi. Ég svaraði því neitandi. Stuttu síðar kom ég inn til Friðriks, þá var staddur hjá honum Magnús á Traðarbakka, sem þá var útgerðarmaður á Akranesi. Um leið og ég kem inn sagði Friðrik : Þetta er maðurinn sem ég var að segja þér frá. Og til að gera langa sögu stutta þá falaðist Magnús eftir því við mig að ég tæki við bát frá honum og ég ákvað að athuga málið, fara suður til Akraness og líta á aðstæður. Um haustið 1935 var ég staddur í Reykjavík og ákvað þá að skreppa uppá Akranes og líta á þetta alltsaman. Ég var ekki með nein betri föt með mér og fékk lánuð föt af mági mínum í Reykjavík og fór uppeftir. Það varð úr að ég færi með Sæfara AK einn túr til reynslu og þá varð ég að fara úr lánsfötum mágs míns og í önnur lánsföt, sem hæfðu í róður. Ég hafði aldrei róíð frá Akranesi fyrr og þekki því sundin ekki neitt. Nema hvað ég reri þarna með reknit og fékk 24 tunnur af síld. Það er ekki að orðlengja það, á Akranesi bjó ég næstu 26 árin og stundaði alltaf sjó utan fáein síustu árin mín á Skaganum, að ég starfaði í Sementsverksmiðjunni. Þér hefur líkað vel á Akranesi fyrst viðdvölin varð 26 ár? Þegar frá leið líkaði mér vel á Akranesi, en mér var ekki tekið vel til að byrja með. Síðar skildi ég ástæðuna fyrir því. Ég var aðkomumaður sem tók þarna við bát og þar með pláss frá einhverjum öðrum. Eins var það, að ég var með aðkomumenn með mér um borð sem tóku auðvitað pláss frá Akurnesingum, en á þessum árum var mikið atvinnuleysi á Akranesi, sem og annarsstaðar. Ofan á allt saman hegðaði ég mér öðru vísi en skipstjórarnir frá Akranesi á sjó, lagð mín veiðarfæri

öðruvísi en þeir og fór yfirleytt mínar eigin götur. Þetta varð ekki vinsælt og mér fannst anda köldu til mín frá Akurnesingum til að byrja með, svo breyttist þetta og ég eignaðist marga góða vini á Akranesi og kunni vel við mig.

Nú ert þú uppá Akranesi kenndur við bátinn Bangsa, varstu lengi með hann? Ég var með Bangsa frá því 1938 til 1945 að mig minnir. Það var góður bátur. Hann var tvisvar sinnum seldur meðan ég var með hann, en ég fylgdi með í bæði skiptin. Hvaða veiðarfæri þótti þér skemmtilegast að fiska með meðan þú varst skipstjóri? Mér þótti snurpunótin skemmtilegust einnig líkaði mér vel að vera með reknet, enda gekk mér vel með þessi veiðarfæri, en ég prófaði þau öll. Ég má til með að segja þér eina skemmtilega sögu af reknetaveiðum. Ég hafði lagt netin út af Grindavík en þegar farið var að draga var varla branda í netunum. Ég tók þá ákvörðun um að fara út á Selvogsbanka og þegar þangað var kom sá ég ljósin af nær öllum reknetabátafjöldanum. Ég hugsaði með mér að þeir hefðu auðvitað allir lagt þarna, en veður var afar slæmt og nokkuð erfitt orðið að athafna sig. Jæja ég lét setja netin niður og beið svo af nóttina. Þegar við fórum svo að draga voru netin full af síld og þarna fengum við 200 tonn og hluturinn hjá okkur var 100 kr sem var geipi fé í þá daga. En það skemmtilega við þetta allt var að enginn hinna bátanna hafði lagt net sín í sjó þarna um nóttina, þeim þótti veður of slæmt. Vissulega var það rétt veðrið var slæmt, en ég hélt þegar við komum að flotanum í myrkri að allir hefðu lagt og lagði því sjálfur, en svo vorum við bara þeir einu sem lögðum og mokfiskuðum

Einu sinni var ág látinn fara með Bangsa á troll, veiðarfæri sem ég kunni ekkert á og kunni raunar aldrei almennilega við. Ólafur B Björnsson stjórnaði útgerðinni og hann bað mig endilega að reyna þetta og ég lofaði að reyna hvað ég gæti. Það hvorki gekk né rak hjá okkur til að byrja með og ég vildi hætta þessu, en Ólafur bað mig að reyna einu sinni enn. Þeir höfðu verið að gera grín að okkur karlarnir og einn vinur minn spurði hvort ekki hefði verið erfitt að kúttá á trollunu. Nú ég gerði svo eina tilraun hélt vestur á Breiðafjörð og eftir nóttina vorum við komnir með hvorki meire né minna en 12 tonn. Ég var heldur stoltur þegar ég labbaði heim eftir þennan túr og hitti aftur þennan vin minn sem hafði spurt hvort ekki væri erfitt að kúttá á trollinu. Hann varð skrýttinn blessaður. En snúum okkur að störfum þínum í Sjómannadagsráði, varstu lengi í ráðinu. Já ég átti sæti í stjórn Sjómannadagsráðs í mörg ár. Ég lenti mjög fljótlega eftir að ég kom til Akraness, í stjórn skipstjórafélagsins Hafþórs og lenti fljótlega í stjórn Sjómannadagsráðs, það var afar ánægjulegt að vinna í ráðinu og Sjómannadagurinn var mesti hátíðardagur ársins á Akranesi að því að mér fannst. Allir lögðu sig af alhug til að gera þennan hátíðisdag sjómanna sem skemmtilegastan og enda varð afraksturinn eftir því. Ég á margar góðar endurminningar frá Sjómannadeginum. Eitt sinn léku 3 synir mínir í lúðrasveitinni, sem lék fyrir skrudgöngunni á leið til kirkju og einu sinni unnu tveir þeirra, Sævar heitinn og Kristján til íþróttaverðlauna á Sjómannadaginn, þá var maður dálítið stoltur. Lengi framan af var það létt verk að fá fólk til að vinna að undirbúningi Sjómannadagsins, en síðan var þetta alltaf erfiðara og erfiðara uns svo var komið að við þurftum að kaupa skemmtikrafta, það þótti mér vera neikvætt. Ég kunni aldrei almennilega við það, en um annað var ekki að ræða.

Í endurminningunni eru því fyrstu árin mín í Sjómannadagsráði eftirminnilegust. Þá voru menn svo ötulir við allan undirbúning og enginn taldi neitt eftir sér. Ég man að vinur minn, Villi í Efstabæ og ég bárum íslenska fánann í fararbroddi skruðgöngunnar, það var hátíðlegt. Síðan breyttist þetta þannig að um heila fánaborg var að ræða. Já maður á margar góðar endurminningar frá þessum árum. Þú áttir sæti í stjórn Hafþórs lengi vel? Já ég var gjaldkeri þess félags. Á þeim árum sem ég átti sæti í stjórn þess var eitt aðal baráttumál okkar skipstjóranna að fá vitann, eins að bæta innsiglinguna í sundunum, að fá talstöðina og björgunarbáta um borð hjá okkur. Þetta voru allt mjög þörf mál, sem okkur þótti ekki þola bið og öll fengust þau í gegn. Þegar ég flutti frá Akranesi hélt stjórn félagsins mér samsæti og ég var gerður að heiðursfélaga, þetta sýndi hlýhug í minn garð sem ég met mikils. En mesti heiður sem mér hefur hlotnast var þegar ég var heiðraður af Sjómannadagsráði 1972, auk mín hlaut Gunnar Guðmundsson vélstjóri viðurkenningu þetta ár. Mér hefur aldrei hlotnast jafn mikil viðurkenning um dagana. Þegar rætt er við gamla sægarpa er það gjarnan síður manna að spyrja hvort þeir hafi lent í alvarlegri hættu á sjó. Sjálfsasgt hef ég lent í lífshættu á sjó allir sjómenn lenda einhverntíman í lífshættu, en yfir mér hefur vakað verndarengill, ég hef þrisvar sinnum orðið eftir í landi þegar bátar sem ég var ráðinn á fórust. Í fyrsta sinn gerðist það vestur á Ísafirði árið 1924. Þá hafði ég ráðið mig hjá manni sem mér leist vel á, eftir að skólanum hjá mér lauk. Móður systir mín Guðrún Stefánsdóttir, sem ég var hjá lagðist algerlega á móti þessu, sagði að það kæmi ekki til greina að ég réði mig hjá þessum manni. Henni þótti hann víst drykkfeldur. Nema hvað svo kom þessi skipstjóri í heimsókn og hún sagði honum að það kæmi ekki til mála að ég réði mig hjá honum. Hann tók þessu vel þegar ég sagði honum að þetta væri ekki vilji minn heldur hennar. Seinna réði Guðrún mig hjá öðrum manni. Báturinn sem hún tók mig af fórst með allri áhöfn í fyrsta róðri. Árið 1931 var ég stýrimaður á Gissuri Hvíta. Þegar sumarvertíð lauk var ég beðinn um að vera stýrimaður áfram um haustið og ég samþykkti það. Ég hélt svo heim til Hellissands en um haustið kom í ljós að ég gæti ekki byrjað alveg strax og var það samþykkt að ég kæmi eftir nokkra daga. Í öðrum róðri fórst þessi bátur með allri áhöfn. Í þriðja sinn var það svo þegar Valur AK fórst og sonur minn Sævar fór í róður fyrir mig. Valurinn kom aldrei aftur. Þegar þetta slys átti sér stað fann ég best hve mikinn hlýhug Akurnesingar eiga til, það var mikill styrkur að finna hann. Það er því ekki að undra þótt maður sé forlagatrúar eftir að hafa orðið fyrir þessari lífsreynslu. Árið 1973 gáfum við hjóni n 50 þúsund krónur í byggingarsjóð dvalarheimilis aldraðra á Akranesi til minningar um Sævar son okkar og gjöfinni fylgdi sú ósk að eitt herbergið í húsinu bæri nafn hans og að þar myndi gista þreyttur sjómaður. Við gáfum svo aftur 50 þúsund krónur 1974 og ég held að þetta hafi verið fyrsta gjöfin í þennan byggingarsjóð. Nú er þetta hús komið upp og hefur verið tekið í notkun, en samt sem áður hefur ósk okkar um að eitt herbergið í húsinu bæri nafn sonar okkar ekki verið sinnt. Þetta hefur okkur þótt mjög leiðinlegt, það má alveg koma hér fram. En svona í lokin vil ég nota tækifærið og senda sjómönnum á Akranesi kveðju mína. Ég á líka marga góða vini á Akranesi og líka margar góðar minningar frá 26 ára dvöl þar, dvöl sem átti aðeins að vera ein vertíð.

S.dór